



Reykjavík 1. nóvember 2018

Sýn hf. selur meirihluta hlutafjár í Hey P/F í tengslum við samruna við Nema P/F

Sýn og færeyska félagið Tjaldur hafa komist að samkomulagi um helstu skilmála í viðskiptum sem fela munu í sér samruna Hey, dótturfélags Sýnar í Færeyjum, og Nema, dótturfélags Tjaldurs. Hið sameinaða félag verður leiðandi fyrirtæki í Færeyjum í upplýsingatækni og fjarskiptum, með fjölbættum tekjustraumum frá viðskiptavinum. Samruninn felur í sér kostnaðarhagræði og kemur til með að leysa úr læðingi frekari verðmætasköpun með fjölbreyttara vöruframboði og sölumöguleikum, einkum á fyrirtækjamarkaði.

Helstu skilmálar eru eftirfarandi:

- Sýn eignast 49,9% hlut og Tjaldur 50,1% hlut í sameinuðu félagi.
- Sýn fær við viðskiptin greiðslu sem nemur 22 m. DKK auk fyrrgreinds 49,9% hlutar í sameinuðu félagi.
- Hlutahafasamkomulag mun fjalla um gagnkvæma hagsmuni aðila.

Fjárhagsleg áhrif á Sýn:

- Viðskiptin leiða til 46 m. DKK söluhagnaðar eða um 850 m. ISK miðað við bókfært virði Hey.
- Í kjölfar samrunans verður hlutur Sýnar í sameinuðu félagi að líkindum færður með hlutdeildaraðferð og verður því ekki hluti af samstæðureikningskilum.

Fjárhagslegar upplýsingar um Hey og sameinað félag:

- Niðurstöður Hey 2017: Tekjur námu 77,5 m. DKK, EBITDA 9,8 m. DKK og fjárfesting nam 7,7 m. DKK.
- Áætlanir Hey 2018 (án samruna): Tekjur 73,3 DKK, EBITDA 12 m. DKK og fjárfesting 9,5 m. DKK.
- Gera ráð fyrir að sameinað félag muni hafa u.þ.b 150 m. DKK í tekjur, EBITDU í kringum 20 m. DKK og fjárfestingar á bilinu 8-10 m. DKK.

Viðskiptin eru enn háð margvíslegum fyrirvörum, svo sem frágangi á endanlegum kaupsamningi og hluthafasamningi, sem og samþykki færeyskra samkeppnisyrivalda.

Frekari upplýsingar og aðstoð:

- ✓ Guðfinnur Sigurvinsson, samskiptastjóri Sýnar, í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is eða í síma 669-9330.

